

að bægja félaga ákærða frá borðinu, fer því fjarri, að það geti afsakað jafn hrottalegt atferli og ákærði hafði í frammi þarna. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald í 20 daga.

Er þá að athuga skaðabótakröfuna. Marius Guðmundur Guðlaugur kveðst um þessar mundir hafa verið að byggja hús sjálfur og hafa haft umsjón með verkinu og ekki stundað aðra vinnu. Telur hann beint tjón sitt töluvert mikið, þar eð hann hafi þurft að lita eftir húsbyggingunni. Enda þótt hann væri frá verki frá 15. des. og fram að eða fram yfir jól, þykir hann ekki hafa sannað, að hann hafi orðið fyrir 2000 króna tjóni af því. Verður að áætla þennan kröfulið. Þykir hæfilegt að dæma ákærða til að greiða hann að hálfu eða 1000 krónur. Bætur fyrir óþægindi þykja eftir atvikum hæfilega ákveðnar 1500 krónur. Samkvæmt framangreindu þykir rétt að dæma ákærða til að greiða Mariusi kr. 2500.00 í skaðabætur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, að meðtöldum málsvarnarlaunum skipaðs talsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrl., er ákveðast 300 krónur.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus, þar eð dráttur sá, sem varð á málinu, stafar af erfiðleikum á að ná til ákærða, sem er sjómaður að atvinnu og oft fjarverandi langdvölum.

D ó m s o r ð :

Ákærði Arinbjörn Sigurðsson sæti varðhaldi í 20 daga.

Ákærði greiði Mariusi Guðmundi Guðlaugi Sigurjónssyni 2500 krónur innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, Gunnars Þorsteinssonar hrl., 300 krónur.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 5. nóvember 1948.

Nr. 64/1948. **Valdstjórnin** (Hrl. Hermann Jónasson)
gegn

George Reid (Hrl. Lárus Fjeldsted).

Fiskveiðabrot.

Dómur hæstaréttar.

Freymóður Þorsteinsson, settur bæjarfógeti í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Forstöðumaður Sjómannaskólans hefur markað á sjóuppdrátt stað togara kærða í landhelgi, og reyndist hann vera 1.1 sjómílu fyrir innan landhelgislinu.

Af lögum nr. 14/1948 og forsögu þeirra verður ekki ráðið með öruggri vissu, að þeim hafi verið ætlað að taka til fésekta, sem miðaðar eru við gullkrónur samkvæmt lögum nr. 4/1924. Verður sekt kærða því einungis ákveðin eftir 1., sbr. 4. gr. laga nr. 5/1920 og lögum nr. 4/1924. Þykir refsing kærða með hliðsjón af gullgildi íslenzkrar krónu, sem nú er 33.96, hæfilega ákveðin kr. 40 000.00 sekt til Landhelgis-sjóðs Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra og málskostnað í héraði staðfestast.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 800.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Kærði George Reid greiði kr. 40 000.00 sekt í Landhelgissjóð Íslands, og komi 8 mánaða varðhald í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra svo og um málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Hermanns Jónassonar og Lárusar Fjeldsteds, kr. 800.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 6. maí 1948.

Mál þetta, sem var dómtekið í gær, er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu gegn George Reid, skipstjóra á botnvörpunum Craigielea,

A. 822, frá Aberdeen, fyrir meint brot gegn lögum nr. 5 frá 18. maí 1920, um hann gegn botnvörpuveiðum, shr. lög nr. 4/1924 og lög nr. 14/1948, til refsingar, upptöku afla og veiðarfæra, þar með taldir dragstrengir, og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kærði George Reid skipstjóri til heimilis í Aberdeen, er fæddur 3. des. 1895 og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt neinni kæru né refsingu hér á landi.

Samkvæmt frásögn skipherra og fyrsta og annars stýrimanns á varðskipinu Ægi, var varðskipið í fyrrinótt (aðfaranótt þess 5. þ. m.) í eftirlitsferð austur af Kötlutöngum. Kl. 1.48 var farið fram hjá Alviðruhamarsviti í 2.8 sjómílna fjarlægð, og sást þá togari inn á landhelgisvæðinu. Hélt varðskipið þá til hans og kl. 0.156 setti það upp stöðvunarmerki (flagg) og um leið sneri togarinn út frá landi.

Kl. 02.01 skaut varðskipið lausu skoti. Kl. 02.04 skaut það aftur lausu skoti og nam staðar við afturenda togarans. Togarinn reyndist vera Craigielea A. 822 frá Aberdeen, og var kærði í máli þessu skipstjórinn. Togarinn var þá með stjórnborðsvörpu sína í sjó.

Varðskipið setti strax út ljósdufl, og rétt á eftir nam togarinn staðar og byrjaði að draga inn vörpu sína. Varðskipið setti þá út bát og var skipstjóri togarans sóttur og honum bent á, að hann hefði verið að landhelgisveiðum og honum sýndar athuganir varðsupsins, og kvaðst hann ekki geta mótmælt þeim. Síðan var beðið birtu. Kl. 04.15 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun í viðurvist skipstjóra togarans.

Hjörleifshöfði

> 31° 00'

Alviðruhamarsviti

> 70° 09'

Kúðaósmerki

Dýpi 75 metrar, er gefur staðinn 1.1 sjómílu innan landhelgislinu.

Skipstjóra togarans var sýndur staðurinn á kortinu og kvaðst hann ekki geta mótmælt honum. Var honum þá tilkynnt, að farið yrði með hann til Vestmannaeyja til frekari rannsóknar. Kl. 06.10 var ljósduflið tekið upp og haldið af stað til Vestmannaeyja. Veður var SV. 2, sjór tilsvarendi og skýjað.

Kærði hefur viðurkennt ofanritaða frásögn rétta, en hins vegar kvaðst hann hvorki geta samþykkt né véfengt staðarákvarðanir varðsupsins. Sjálfur kvaðst hann hafa mælt út stað skipsins um nóttina áður en varðskipið kom, og samkvæmt þeim mælingum hafi skip sitt verið á landhelgislinunni. Mælingarnar framkvæmdi hann með áttavita skipsins og notaði engin önnur tæki. Miðaði hann við drang suðaustur við Hjörleifshöfða, Alviðruhamar og Kúðaósmerki. Hann kvaðst einn hafa framkvæmt mælingarnar. Hann kvaðst hafa verið að toga á þessum slóðum frá því kl. 10 um „formiddaginn“ (enskur tími) og hafði hann kastað vörpunni fyrir „korterí“, er varðskipið bar að. Hann kvað skipstjóra varðsupsins hafa boðið sér að

mæla út stað skips síns með mælitækjum varðskipsins, en hann kvaðst ekki hafa treyst sér til þess fyrir óstyrkleika.

Fyrsti og annar stýrimaður varðskipsins kváðust hafa framkvæmt staðarákvarðanir varðskipsins og hafi skipherra síðan yfirfarið þær. Notuðu þeir sextant og kváðu mælingarnar réttar og samkvæmt þeim hefði togarinn verið 1.1 sjómílu innan landhelgislinu, eins og fyrr greinir. Unnu þeir báðir eið að framburði sínum.

Með því að vitanlegt er, að áttavitamiðanir geta ekki verið nákvæmar, sem kærði þar að auki virðist hafa framkvæmt meðan dimmt var af nóttu, en varðskipið hins vegar notaði fullkomin tæki, verður að telja sannað með eiðfestum framburði fyrsta og annars stýrimanns varðskipsins og framburði skipherrans, að kærði hafi verið að botnvörpuveiðum í landhelgi. Hefur hann þar með gerzt brotlegur við 3. gr. laga nr. 5 frá 1920 um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4/1924 og lög nr. 14/1948.

Þar sem kærði hefur ekki áður sætt refsingu fyrir sams konar brot og með því að gullgengi íslenzkrar krónu er nú það, að krónan jafngildir 33.90 aukum gulls og verðlagsvísitala 300, þykir refsing hans hæfilega ákveðin samkvæmt 3. gr. laga nr. 5/1924, sbr. lög nr. 4/1924 og lög nr. 14/1948, kr. 88 500.00, er kærða ber að greiða til Landhelgisjóðs Íslands innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri í b/v Craigielea A. 822, þar með taldir dragstrengir, skal gert upptækt til Landhelgisjóðs Íslands.

Allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi ber kærða að greiða.

Því dæmist rétt vera:

Kærði George Reid greiði kr. 88 500.00 í sekt til Landhelgisjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með 7 mánaða varðhaldi.

Allur afli og veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir um borð í b/v Craigielea, A. 822, er gert upptækt til sama sjóðs.

Kærði greiði allan sakarkostnað áfallinn og áfallandi.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.